

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 4. tbl. 7. árg. 28. febrúar

Fréttir úr skólalífi Oddeyrarskóla.

Áhugaverð og skemmtileg vinna í myndlistartímum.

Nemendur í 2., 3. og 4. bekk hafa undanfarið verið að vinna að verkefni sem tengist listasögu. Þau hafa kynnt sér verk listamannsins **Vincent van Gogh** og vinna sérstaklega út frá sólblómamyndum hans. Myndirnar tala sínu máli.

Þemavinna á yngsta stigi.

Í febrúar vann 2. bekkur með bókina *Gula sendibréfið* eftir Sigrúnu Eldjárn í byrjendalæsi. Vinnan var samþætt verkefninu *Pósthúspema* í stærðfræði. Nemendur unnu skemmtileg verkefni sem tengjast ferlinu frá því bréf er ritað þangað til það berst viðtakanda. Þeir grandskoðuðu frímerki og verðgildi þeirra, lærðu um árstíðir, mánuði, vikudaga og skoðuðu dagatöl. Uppdráttur var gerður af söguviði bókarinnar, auk þess sem nemendur útbjuggu spurningar úr sögunni, spiluðu jöfnuspil með orðaforða hennar, lærðu að setja upp sendibréf og margt fleira. Vinnunni lauk með því að heimsækja Íslandspóst þar sem börnin fengu að sjá með eigin augum hvað verður um bréfin og hvernig þeim er komið til viðtakanda.

Íslenskukennsla á unglingastigi.

Undanfarin ár hafa áherslur í íslenskukennslu á unglingastigi í Oddeyrarskóla þróast í þá átt að minnka áherslu á ýmskonar málfræðigreiningu og auka áherslu á lestur, ritun og munnlega tjáningu. Lögð hefur verið áhersla á frjálsan lestur nemenda og einnig er lesið fyrir nemendur í 8. og 9. bekk tvisvar í viku. Leitast er við að velja bækur sem nemendur myndu að öðrum kosti ekki lesa sjálfir, þ.e. bækur sem skrifaðar eru fyrir fullorðna en höfða eigi að síður til nemenda. Málfræðiverkefni á *moodle* hafa að hluta til komið í stað hefðbundinnar málfræðivinnu í verkefnabókum.

Nú í vetur hefur áherslan beinst að samræðuáferðinni, þ.e. að þjálfar nemendur í að ræða saman á skipulegan hátt með það að markmiði að auka og dýpka skilning þeirra á þeim viðfangsefnum sem fyrir liggja. Sjónum hefur verið beint að tengslum samræðu og ritunar, en með vel undirbúinni samræðu er lagður grunnur að skipulegri skriflegri frásögn með fjölbreyttum orðaforða.

Stærðfræðiverkefni í Moodle.


Undanfarin ár hafa nemendur á unglingastigi leyst stærðfræðiverkefni í gagnvirka vefumhverfinu *Moodle*. Verkefnið hefur verið samstarf kennara í Oddeyrarskóla og Brekkuskóla. Vikulega opnast nemendum ný verkefni og eru þau aðgengileg í eina viku. Nemendur geta leyst verkefnið hvenær sem er innan þessa tímaramma og hafa tvær tilraunir og gildir sú betri til einkunnar. Verkefnið eru ætluð 7. - 10. bekk og miðast þau við námsmarkmið árganga, en smátt og smátt hafa bæst við upprifjunarverkefni, þar sem verkefnið eru stundum nokkuð krefjandi. Unnið er að því að setja inn málfræðiverkefni á sama form. Verkefnið eru í stöðugri þróun og er það markmið okkar að bæta og efla þetta námsumhverfi.



Uppbrotstímar í 5. - 7. bekk: innleiðing nýrrar aðalnámskrár.

Nú er annað skólaárið sem boðið er upp á uppbrotstíma á öllum stigum, þar sem nemendum er blandað í hópa þvert á bekk þrisvar í viku. Kennarar í 5.-7. bekk helga uppbrotið á þessu skólaári grunnstoðunum sex í nýrri aðalnámskrá. Nemendur hafa unnið ýmis verkefni, ýmist bókleg eða verkleg, tengd hverri grunnstoð. Hugtakakort og krossglíma voru m.a. notuð þegar unnið var með hugtökin, eins og sjá má á myndunum.

Oddeyrarskóli skorar á lðavelli að segja frá starfinu þar.



Sumarlokun leikskólanna á Akureyri sumarið 2013.

Leikskólarnir á Akureyri loka allir í fjórar vikur í sumar, en leikskóladeildin í Hrísey lokar í fimm vikur og í Grímsey er leikskóladeildin lokað frá júní og fram í ágúst. Hver og einn leikskóli ákveður sína sumarlokun í samráði við foreldraráð skólans.

Sumarlokun leikskólanna:

24. júní - 19. júlí	Kiðagil - Lundarsel - Sunnuból
8. júlí - 2. ágúst	Íðavöllur - Naustatjörn - Hulduheimar - Krógaból - Tröllaborgir - Hólmasól
15. júlí - 12. ágúst	Pálmholt
15. júlí - 9. ágúst	Hlíðaból
15. júlí - 16. ágúst	Hríseyjarskóli - leikskóladeild

Skóla-akur er vefrit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Dagur leikskólans 6. febrúar

var haldinn hátíðlegur í leikskólum Akureyrar með ýmsu móti. Unnin voru verkefni, boðið í kaffi og margt fleira.

Á Sunnubóli gerðu nemendur skilti til að merkja leikskólann og var það hengt upp á girðingu úti. Þetta var samstarfsverkefni allra deilda.

Í tilefni dagsins fóru margir hópar á Hólmasól út í gönguferð og færðu nágrönnunum glaðning inn um bréfalúgur. Börnin höfðu teiknað gleðimyndir í lok síðustu viku en þá lauk Jákvæðnilotunni formlega og þar með Gleðivikunni líka. Þessum myndum dreifðu þau svo í hús í nærliggjandi götum í dag. Einnig fóru hópar og sungu á vinnustöðum í nágrenni í tilefni dagsins.

Á Tröllaborgum unnu börnin saman að því að gera mósaik af útlinum Íslands. Hver deild gerði einn fjórðung og var afraksturinn settur saman þennan dag.



Á heimsíðum leikskólanna má sjá nánari fréttir af degi leikskólans.

Samtaka – Svæðisráð foreldra nemenda í grunnskólum Akureyrar.

Fundargerðir síðustu funda má nálgast á heimasíðu Samtaka: <http://samtaka.net/>

Bæklingur um skólaval.

Út er kominn bæklingurinn Skólaval í leikskólum. Um er að ræða upplýsingar þar sem fjallað er í nokkrum orðum um straua og stefnur hvers leikskóla í bæjarfélaginu Á Akureyri starfa ellefu leikskólar. Níu þeirra eru reknir af Akureyrarbæ, Hulduheimar, Kot og Sel, Íðavöllur, Kiðagil, Krógaból, Lundarsel, Naustatjörn, Pálmholt, efra og neðra, Sunnuból og Tröllaborgir. Tveir leikskólar eru einkareknir með styrk frá Akureyrarbæ. Leikskólinn Hlíðaból er rekinn af Hvítasunnusöfnuðinum og leikskólinn Hólmasól er rekinn af Hjallastefnunni ehf. Einnig rekur Akureyrarbær leikskóladeildir í samvinnu við grunnskólana í Grimsey og Hrīsey.

[Skoða bæklinginn](#)

Kjaraviðræður við Félag grunnskólakennara, samkomulag um endurnýjaða viðræðuáætlun.

Samninganefndir Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags grunnskólakennara hafa um nokkurt skeið staðið í ströngum samningaviðræðum, án þess að ná samkomulagi um gerð nýs kjarasamnings. Þann 15. febrúar 2013 var undirritað samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara um endurnýjaða viðræðuáætlun sem gildir til 28. febrúar 2014. Á gildistíma viðræðuáætlunar ríkir friðarskylda. Sjá nánar á heimasíðu skóladeildar: <http://www.akureyri.is/skoladeild/forsida>

Frá Miðstöð skólaþróunar.

Skóli og nærsamfélag -að verða þorpið sem elur upp barnið- Vorráðstefna um menntavísindi haldin á Akureyri 13. apríl 2013 á vegum Miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri

Að þessu sinni verður lögð áhersla á hugarfar og vinnubrögð sem þurfa að vera til staðar til að skóli geti í samspili við foreldra, umhverfi og samfélag uppfyllt þá menntastefnu sem birtist í aðalnámskrá, þ.e. stuðlað að merkingabæru námi fyrir nemendur á 21. öldinni.

Ráðstefnan er haldin í Háskólanum á Akureyri, Sólborg við Norðurslóð 2.

Sjá nánar á: http://www.unak.is/skolathrounarsvid/page/vorradstefna_2013

Krefjandi, fræðandi og skemmtilegt námskeið í Prag.

Þrjár starfskonur á Miðstöð skólaþróunar HA, þær Jenný, Ragnheiður Lilja og Þóra Rósa sækja um þessar mundir námskeiðið Leading educational change sem haldið er í Prag í Tékklandi. Námskeiðið er styrkt af menntaáætlun ESB sem styrkir m.a. evrópsk samstarfsverkefni skóla, endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaranema og námsefnisgerð. Á námskeiðinu eru ásamt þeim stóllum menntafrömuðir frá átta Evrópulöndum. Að sögn Miðstöðvarkvenna er námskeiðið krefjandi, fræðandi og skemmtilegt.